

Fimmtudaginn 1. desember 1994.

Nr. 375/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Halldóri Jóhannssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi til endurskoðunar samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og til að fá bótakröfu vísað frá héraðsdómi. Af hálfu ákærvalds var þá einnig áfrýjað með stefnu 27. júlí 1994 til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á greiðslu skaðabóta.

Fyrir héraðsdómi lágu gögn um ýtarlega lögreglurannsókn, sem fram fór í beinu framhaldi af atburði þeim, sem málið er risið af. Þrír þeirra, er gáfu skýrslu fyrir lögreglu, komu fyrir dóminn sem vitni og báru þar, að þeir hefðu séð ákærða sparka í höfuð og efri hluta líkama manns þess, er lá á gangstéttinni. Tvö vitnanna báru afdráttarlaust, að þau hefðu séð, að lögreglumenn handtóku árársarmanninn. Héraðsdómari hefur sakkfallt ákærða fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skipuðum verjanda ákærða hefur ekki tekist að leiða að því líkur, að mat héraðsdómara á sönnunargildi framburðar þessara vitna kunní að vera rangt. Ber því með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta niðurstöðu hans um sakkfellingu ákærða.

Árás ákærða var hrottafengin og hefði hæglega getað leitt til stórkostlegra líkamsmeiðsla og örkumla. Telst refsing ákærða því hæfilega metin fangelsi í sex mánuði, en rétt er, að fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til tjónþola og um greiðslu sakarkostnaðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum áfrýjaða dómi er ekki greint svo nákvæmlega sem skyldi frá atvikum málsins, sönnunargögnum og rökstuðningi fyrir niðurstöðu héraðsdómara um sönnunatriði. Er þetta aðfinnsluvert, en ekki þykir næg ástæða til að ómerkja dóminn af þessum sökum.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Halldór Jóhannsson, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dómnum á hendur Guðmundi Halldóri Jóhannssyni, Huldubraut 13, Kópavogi, f. 8. 8. 1970 (fnr. 485), með ákæruskjali, út gefnu 19. apríl 1994 og birtu 13. maí sl., fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardags 16. október 1993 við Lækjargötu 2 í Reykjavík ráðist á Pál Lúther Ingimarsson, fæddan 15. ágúst 1974, slegið hann í höfuðið, svo að hann féll í götuna, og sparkað margsinnis í hann liggjandi með þeim afleiðingum, að hann tvíkjálkabrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Páll Lúther Ingimarsson, kt. 150874-4839, Grundarlandi 6, Reykjavík, krefst 305.920 kr. skaðabóta úr hendi ákærða.

Ákærði hefur hvorki gengist við sakargiftum né fallist á bótakröfu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 128. og 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ráðist var á Pál Lúther nefnda nótt laust eftir kl. 4.00. Lögregla var

laga nr. 19/1940. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 40.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 kr., og Páli Lúther Ingimarssyni 200.000 kr. í bætur.
